

Fundargerð aðalfundar Smalahundafélags Íslands

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands haldinn í kaffistofu fjárhúsanna á Hesti 18. október 1998 kl 16.30. Mættir voru 16 félagsmenn.

Formaður Gunnar Einarsson setti fundinn og bað Dagbjart Dagbjartsson að gegna starfi fundarritara. Ræddi hann síðan nokkuð um fjárhundakeppnir og skráningu hunda. Fram kom að Dagbjartur Dagbjartsson vildi gjarnan losna við að gefa út fréttabréfið og tók Harpa Reynisdóttir starfið að sér.

Gjaldkeri Lisbeth Sæmundsson gat ekki mætt en sendi reikninga til skoðunar og gerði Harpa grein fyrir þeim í fjarveru hennar.

Nokkrar umræður urðu um erfðagalla í hundum, bæði mjaðmalos og augnsjúkdóma. Harpa bar fram spurningar frá Lisbeth um hvernig ætti að standa að greiðslu fyrir skráningar og var talað um að æskilegast væri að skrá got. Talað um 500 kr til að byrja með. Gert verði ráð fyrir því í ættarskírteinum að hægt sé að skrá hvort hundurinn sé augnskoðaður.

Eddu Þórarinsdóttur dýralækni falið að leita eftir samstarfi við hundaræktarfélagið. Nokkrar umræður urðu um smölun sem verktakavinnu og kom fram að þeir sem höfðu lagt það fyrir sig töldu það ekki arðvænlega atvinnugrein.

Þar sem allir stjórnarmenn voru í raun dottnir út og verulega hafði fækkað á fundinum var ákveðið að sama stjórn skyldi sitja til næsta fundar en koma sér saman um hver ætti að ganga úr stjórn fyrir næsta fund.

Fundarritari
Dagbjartur Dagbjartsson.